



Kópavogur, 28. nóvember 2022

Kæru nefndarmenn Kópavogsbæjar,

Það voru jákvæð og áhugasöm ungmenni sem sátu fyrsta fund Ungmennaráðs Kópavogs fyrir þetta starfsárið þann 17. október sl. Í ljósi þess viljum við benda öðrum ráðum og nefndum Kópavogsbæjar á hlutverk, markmið og skipan ungmennaráðs bæjarins.

Hlutverk ungmennaráðs er m.a:

- Að skapa ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila.
- Að skapa þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að gæta hagsmuna barna- og ungmenna í Kópavogi.
- Að vera bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð getur gert tillögur til bæjarstjórnar um málefni er varða þeirra hagsmunahópa. Ungmennaráð tekur til umsagnar mál frá bæjarráði og öðrum nefndum innan stjórnsýslunnar. Slík mál geta varðað forvarnarmál, starfsemi þeirra stofnanna sem börn- og ungmenni sækja og önnur mál er varða hagsmuni og umhverfi þeirra.

Fulltrúar

Ungmennaráð er skipað 15 fulltrúum. Kjörgengir eru þeir einstaklingar sem eiga lögheimili í Kópavogi og eru á aldrinum 13-20 ára.

Ráðið er skipað níu fulltrúum sem tilnefndir eru frá grunnskólum og félagsmiðstöðvum (sameiginlegur fulltrúi grunnskóla og félagsmiðstöðvar), tveimur fulltrúum frá Menntaskólanum í Kópavogi og fjórum fulltrúum frá ungmennahúsinu Molanum. Verði breytingar á fjölda skóla í Kópavogi þá fylgjar/fækkar fulltrúum í ungmennaráði til samræmis við það.

Með von um gott samstarf,

Virðingarfyllst,

Katrín Ýr Erlingsdóttir, formaður Ungmennaráð Kópavogs

Amanda K. Ólafsdóttir, deildarstjóri frístundadeildar og starfsmaður Ungmennaráð Kópavogs.

Áslaug Einarsdóttir, verkefnastjóri frístundadeildar og starfsmaður Ungmennaráðs Kópavogs.